

ALTA
Halldóra Hreggviðsdóttir
Hlíðasmári 8
201 Kópavogur

2003040070
0000; 1604; 9310

Reykjavík, 18. júlí 2003

Efni: Tvöföldun Vesturlandsvegar frá Víkurvegi í Reykjavík að Skarhólabraut í Mosfellsbæ. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um tvöföldun Vesturlandsvegar frá Víkurvegi í Reykjavík að Skarhólabraut í Mosfellsbæ.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Alta dags. 24. júní 2003 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Vegagerðin, Alta ehf., Tvöföldun Vesturlandsvegar frá Víkurvegi í Reykjavík að Skarhólabraut í Mosfellsbæ.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Mosfellsbæ, Reykjavíkurborg, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Kjörsarsvæðis, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkurborgar, Umhverfisstofnun og Veiðimálastjóra.

Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Mosfellsbæ með bréfi dags. 4. júlí 2003, Reykjavíkurborg með bréfi dags. 14. júlí 2003, Fornleifavernd ríkisins með tölvupósti dags. 7. júlí 2003, Heilbrigðiseftirliti Kjörsarsvæðis með bréfi dags. 4. júlí 2003, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkurborgar með tölvupósti dags. 3. júlí 2003, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. júlí 2003 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 11. júlí 2003.

Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 9. og 16. júlí 2003.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í svörum framkvæmdaraðila dags. 9. og 15. júlí 2003 og með eftirfarandi athugasemdum.

Hljóðvist

Á bls. 11 í kafla 5.3. í tillögu að matsáætlun kemur fram að á grundvelli umferðarspár í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins verði metið hljóðstig frá umferð við Vesturlandsveg og að niðurstöður verði settar fram á dynlínukortum. Í tillögu að matsáætlun kemur ekki fram við hvaða mörk reglugerðar um hávaða hönnun vegar og hugsanlegra mótvægisáðgerða verði miðuð við. Skipulagsstofnun vill í því sambandi benda á að í úrskurði Umhverfissráðherra um tvöföldun Reykjanesbrautar frá Fífuhammsvegi í Kópavogi að Álftanesvegi í Garðabæ frá 14. júlí 2003 kemur fram að:

Telur ráðuneytið að afla verði sérstakrar heimildar heilbrigðisnefndar ef miða á útfærslu mótvægisáðgerða við vegalagningu við 65 dB(A) fráviksgildi reglugerðar um hávaða en ekki hefur verið sótt um slíka heimild af hálfu Vegagerðarinnar og ekki gerð grein fyrir að hvaða marki hennar kunni að verða aflað. Liggja heimild ekki fyrir gildir meginregla reglugerðarinnar um 55 dB(A) viðmiðunarmörk í íbúðarhverfum og á útivistarsvæðum í þéttbýli vegna hávaða frá umferð.

Skipulagsstofnun telur í ljósi ofangreindrar túlkunar Umhverfissráðherra á reglugerð um hávaða að þar sem fyrirhuguð er blönduð byggð íbúða og annarrar starfsemi, í íbúðarhverfum og á útivistarsvæðum í þéttbýli skuli miða við að hljóðstig fari ekki yfir viðmiðunarmörk, þ.e. 55 dB(A). Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um nauðsyn þess að gerð sé grein fyrir sjónrænum áhrifum hljóðmana reynist nauðsynlegt að reisa manir.

Afrennsli af Vesturlandsvegi

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í matsskýrslu verði núverandi ástand Úlfarsár kynnt, áhrif framkvæmdarinnar á ána metin, bæði skammtíma- og langtímaáhrif og gerð tillaga að mótvægisáðgerðum þar sem það á við.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis og telur að þar sem fyrir liggur mengunarflokkun Úlfarsár skv. reglugerð 706/1999 um varnir gegn mengun vatns þá beri í matsskýrslu að leggja mat á áhrif framkvæmdanna á þá flokkun. Jafnframt beri að gera grein fyrir leiðum til þess að koma í veg fyrir að áin falli um mengunarflokk í kjölfar framkvæmdanna.

Gatnamót

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að í fyrstu verði reist tvö hringtorg í stað mislægra gatnamóta, annars vegar við Korpúlfsstaðaveg í Mosfellsbæ og hins vegar Úlfarsfellsveg.

Með hliðsjón af umsögn Mosfellsbæjar telur Skipulagsstofnun að gera beri grein fyrir forsendum vals á gatnamótum. Einkum áhrifum mismunandi gatnamóta (hringtorga og mislægra gatnamóta) á afkastagetu vegarins og umferðaröryggi. Jafnframt verði gerð grein fyrir því hvaða þættir ráða tímasetningu byggingar mislægra gatnamóta þar sem ekki er fyrirhugað að ráðast í gerð þeirra samtímis breikkun Vesturlandsvegur.

Skipulagsmál

Æskilegt er að í matskýrslu séu allar breytingar á og við framkvæmdasvæðið sem fyrirhugað er að gera á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 sýndar á skýringarkorti (þ.m.t. færsla miðsvæðis M8 og breyting á legu tengibrautar frá Grafarholtshverfi). Jafnframt þarf að sýna á skýringarkorti vegtengingar við áformuð hringtorg. Bent er á að Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2002-2024 hefur verið staðfest af umhverfisráðherra. Samræma þarf liti landnotkunarflökka á kortum 2 og 3 eða setja inn skýringar fyrir liti í aðalskipulagi Mosfellsbæjar.

Dóroddur F. Dóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit :

Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri.